



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 9. tbl.

Október 2011

23. okt.

Áhorfendaverðlaun Skjaldborgar 2011

„DÝRÐ SÉ GUÐI Í UPPHÆÐUM
OG FRIÐUR Á JÖRÐU
OG VELÞÓKNUN YFIR MÖNNUNUM“

MYND EFTIR
STEINÞÓR BIRGISSON

OG JÓN
SÉRA JÓN

VIÐSÝN Í SAMVINNU VIÐ SEYLU NA KVIKMYNDAGERÐ SÝNIR:
JÓN OG SÉRA JÓN, HEIMILDAMYND EFTIR STEINÞÓR BIRGISSON.

Sýnd í félagsheimilinu Árnesi sunnudaginn 23. október kl 15

HLJÓÐHÖNNUN BÍOHLJÓÐ / INGVAR LUNDBERG, MÖRFTVAKERANDI HJALM TYR HEIÐJAL,
FRAMLEIÐENDI EN BIRNA GUNNARSDÓTTIR / STEINÞÓR BIRGISSON.



MEDIA

SKAFTHOLTSRÉTTADAGURINN 2011

Kveðja frá stjórn vina Skaftholtsréttu.

Það er ærin ástæða til að stinga niður penna og þakka öllum, konum, körlum og börnum fyrir frábæra umgengni í réttunum. Það sást varla snífsi í þeim eftir fjölmennustu samkomu ársins í sveitinni. Allir eiga lof skilið.

Margmenni var í réttunum meira en dæmi eru um áður. Það rættist mjög vel úr veðri, svo ánægja skein úr hverju andliti. Aldrei hafa fleiri komið ríðandi í réttirnar. Sannur réttabragur ríkti, engum lá á, vænt fé, flottur söngur og er réttardagurinn sífellt að verða öflugri fjölskyldusamkoma.

Ásýnd réttanna er góð, ótal hendur vinna þar að viðhaldi, snyrtingu og fegrun. Þetta sameiginlega endurreisnarstarf okkar frá því í apríl 2006 er að skila sér í stolti yfir réttunum og öflugri samheldni.



Hressingar og samveru notið eftir störf í sjálfböðavinnu en það er ekki síður mikilvægt hlutverk Skaftholtsréttu, “að koma þar saman og njóta.” F.v. að ofan Hrafnhildur Ágútsdóttir, Kristín Gísladóttir og Margrét Hjaltadóttir T.h. er svo féð í Skaftholtsréttum.

Ljósmyndir eru úr safni Kristjáns H. Guðmundssonar.



RÉTTIRNAR Í NÚTÍÐ, ÞÁTÍÐ OG FRAMTÍÐ.

Markmið vinafélags Skaftholtsréttar er að bæta aðstöðu fyrir fê, fólk og hesta, auka upplýsingar um sögu þeirra og hefðir auk merkinga. Sitthvað hefur þegar tekist vel en margt er enn ógert. Í haust lukum við t.d. við myndarlega hestarétt sem á að geta rúmað allstóra hestahópa.

Það er gaman að sjá á fallegum sumardegum, ferðafólk virða fyrir sér þennan aldargamla menningarstað sveitarinnar og hlutverk hans.

Nú hafa líka verið formaðar þarna notalegar ávalar manir til að tylla sér niður á og hvílast, þarna er líka rennandi vatn og snyrtingar.

Fyrr en seinna er nauðsynlegt að stækka og bæta bílastæði og hestagerði. Það er ánægjulegt að geta þess að almennur metnaður og vilji er fyrir hendi að standa vel að þessum merku réttum. Um það vitna ótal kveðjur og hvatningar.

Senn birtist í Árneshöfði, riti Sögufélags Árneshöfða, yfirgripsmikil ritgerð um sögu réttanna eftir Árdísi Jónsdóttur. Við stefnum að því að gefa ritgerðina einnig út í sérprentun.



Unnið við frágang og þökulagningu við hestaréttina.

Með von um að hér geti sveitungar sem aðrir átt ánægjulega viðkomu.

Bestu þakkir,
Kristján, Lilja og
Sigurður.



Orðsending frá stjórn Vatnsveitufélags Suðurfalls

Notendur vatns frá Vatnsveitu Suðurfalls eru beðnir um að athuga hvort þeir láti renna að óþörfu vatn úr veitunni.

Athugið að sírennsli er einfaldasta leiðin til að ofnota vatn og tæma birgðatanka.

Munið að ganga vel frá lögnum og lagnaendum þannig að þeir frostsprynki ekki.

Stjórnin

Handavinnukvöld

Minnum á handavinnukvöldin í bókasafninu í
Brautarholti á fimmtudagskvöldum.

Allir velkomnir.

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



Næsta fréttabréf kemur út 15. nóv. 2011.

Skilafrestur efnis til 10. nóv. 2011.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti
Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

**Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi
486 6118 og 893-4426 Ari Einarsson**

Hundafangari sveitarfélagsins

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

Laugardaginn 29. október verður haldinn haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps.

Fundurinn hefst kl. 11:00 í bókasafninu Brautarholti.

Á fundinum verður vetrarstarf félagsins rætt og boðið upp á veitingar.

Nýjar konur velkomnar.

Kvenfélag
Skeiðahrepps



Stofnað 1908



Konukvöld í uppsveitum!



Sunnudagskvöldið 23. okt. nk. ætla þrjú kvenfélög í uppsveitum að standa fyrir konukvöldi í Félagsheimilinu á Flúðum, í tilefni af kvennafrídegnum.

Boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá ásamt léttum veitingum. Veislustjóri verður Ólafía Hrönn Jónsdóttir.

Að samkomunni standa Kvenfélag Gnúpverja,

Kvenfélag Hrunamannahrepps og

Kvenfélag Skeiðahrepps.

Allar konur velkomnar.



Grænna land ehf.

Skreytingakvöld 19. og 20. október 2011.

Haustkransar. Dyrakransar.

Kl. 20:00 í skemmumni, Sneiðinni 5, Flúðum.

Verð 4000,- innifalið er 40 cm krans, vír, kransaplast og skreytingarefni.

Lágmark 7 manns á hvort

Kvöld, hámark 15 manns.

Skráning til 17. október.



*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is*

Skólastarfið hefur farið vel af stað og veðrið hefur leikið við okkur. Við höfum verið mikið úti bæði í íþróttum og í útikennslu og nýtt okkur það sem umhverfið okkar hefur upp á að bjóða.

Réttarvikan

Dagana 12. – 14. september unnu nemendur í 1.-7. bekk þemaverkefni um réttir.

Búin voru til veggspjöld, sungin lög og kvæði og á miðvikudeginum var síðan endað á því að fara í gönguferð í Skaftholtsréttir. Þar fræddu Árdís og Kjartan nemendur um sögu réttanna í sveitinni, sungin voru lög, borðað þjóðlegt nesti og farið var í leiki. Foreldrum var síðan boðið á náms-efniskynningu og sýningu á verkum nemenda mánudaginn 26. október.



Stærðfræði í 1.-7.bekk

Unnið er með stærðfræðina sem heild og tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni og unnið með það í öllum bekkjum í einu. Í september höfum við verið að vinna með rúmfræði. Sem dæmi var 1.og 2. bekkur að læra um form í stærðfræði með Hafdísi. Farið var út og fundin voru form og mynstur í umhverfinu í kringum

skólann og síðan var áfram unnið með rúmfræði verkefni tengd þessu í útikennslunni.



Foreldraviðtöl

Mánudaginn 17. október verða foreldraviðtöl og koma þá nemendur með foreldrum sínum í viðtal hjá umsjónar-kennara.

Bestu kveðjur
Bolette



Í útikennslu í þjórsárskóla og unnið með afurðir umhverfisins.

Messur í nóvember og desember.

6. nóvember (20. sd.e.trin)

Stóri- Núpur kl. 11:00 - Hruni kl. 14:00

13. nóvember (21.sd.e.trin)

Hrepphólar kl.11:00 - Ólafsvellir kl. 14:00

27. nóvember (1.sd.í.aðventu) aðventuhátíðir

Etv. aðventukyrrðir í kirkjum á aðventu.

Aðfangadagur: Ólafsvallakirkja kl.23:30

Jóladagur: Hrepphólakirkja kl. 11:00

Hrunakirkja kl. 14:00

Stóra- Núpskirkja kl.16:00

Gamlársdagur: Tungufell kl.16:00

etv kl. 18:00 t.d. á Stóra Núpi.

Sóknarprestur



Sölusýning í Reiðhöllinni á Flúðum!

Fyrirhugað er að halda sölusýningu laugardaginn 12. nóv. n.k. Þeir sem áhuga hafa á að koma með hross hafi samband við **Hjálmar í síma 893-2995 eða 867-3606**. Hægt er að útvega knapa ef óskað er.



Hef nokkurt magn af heyi til sölu, gott í útigang.
Upplýsingar gefur Oddur í síma 865-4449



Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011

Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500

Neslaug

Skeiðalaug

Þriðjudaga:	Lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	Lokað	17 - 21
Laugardaga:	13-17	Lokað



Neslaug verður lokað frá 1. nóvember um óákveðinn tíma.

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitarfélaginu.**

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.



**Eypór Brynjólfsson
umsjónarmaður sundlauga.**



Vörur tengdar sundi til sölu.

www.skeidgnup.is

Fréttabréf Körfuknattleiksdeildar UMFH

Nú er vetrarstarfið komið af stað. Alls eru um 80 börn á aldrinum 6-16 ára að æfa körfu. Munu 8 lið fara í Íslandsmót í vetur, þar af verður 10. flokkur kvenna í samstarfi með Hamri og 11. flokkur karla með FSu. Fyrirhugað er að þjálfarar frá þessum félögum komi sem gestaðþjálfarar nokkrum sinnum í vetur. Ætlunin er að flytja fréttir af starfi deildarinnar á bloggsíðunni; <http://umfh.bloggar.is> en þar verða fréttir og myndir af mótum og öllu því sem verður á döfinni hjá okkur í vetur.

Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar í vetur skipa;

Óskar Rafn Emilsson, Dúna Rut Karlsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir.

Þjálfarar; Árni Þór Hilmarsson þjálfar míkrobolta og minnibolta hjá báðum kynjum. Hróbjartur Heiðar Ómarsson þjálfar stelpur í 7.-10. flokk. Illa hefur gengið að finna þjálfara fyrir 7.-10. Flokk drengja, en Haukur Már Hilmarsson hleypur í skarðið þar til varanlegur þjálfari finnst.

Æfingagjöld; Míkrobolti 8.000 krónur á önn, minnibolti 12.000 krónur á önn, 7.-10. flokkur 14.000 krónur á önn.

Æfingagjöldin standa að stórum hluta undir rekstri deildarinnar og því mikilvægt að innheimta þeirra skili sér vel. Margir hafa þegar greitt og þökkum við þeim fyrir skjót viðbrögð. Þeir sem enn hafa ekki greitt geta lagt inn á reikning **0325-26-9121** kt.

660269-5689. Veittur er 15% afsláttur ef báðar annir eru greiddar fyrir 20. október.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn og 50% fyrir það þriðja. **Verði æfingagjöld fyrir 1. önn ekki greidd fyrir 20. október verður krafan send í innheimtu.** Þeir sem ekki hafa skilað skráningarblöðum til þjálfara er hvattir til að gera það sem fyrst.

Tenglar; Foreldrarstarf er gríðarlega mikilvægt. Því óskum við eftir áhugasömum foreldrum til að sinna því hlutverki fyrir hvern flokk. Starf tengla fellst m.a. í því að skipuleggja ferðir á mót og samstarf við þjálfara.

Akstursskrá; Sett hefur verið saman viðmiðunartafla varðandi aksturskostnað á mót ef ekið er á einkabílum.

Á Selfoss/Hellu/Laugarvatn/Þorlákshöfn/Hveragerði/Hvolsvöllur	500.-
Reykjavíkursvæðið	1.000.-
Suðurnes/Borgarnes/Akranes/ Vík	1.500.-

Bingó; Bingó Körfuknattleiksdeildarinnar var haldið í Félagsheimili Hrunamanna 7. október. Það var góð mæting og mikil stemning meðal gesta og ekki annað að sjá en að allir skemmtu sér vel. Vinningar voru glæsilegir og færum við öllum þeim sem styrktu okkur bestu þakkir. Í ár voru styrktaraðilar þessir: Café Mika, Landstólpi, Hótel Flúðir, Pizzavagninn, Grænna land, Verslunin Samkaup, Gistiheimilið Grund, Kaffi-Sel SR-grænmeti, Högnastaðabúið, Flúðasveppir, Magnús og Guðbjörg í Birtingaholti, Sigurður Sigmundsson, Hrunamannahreppur, Hvítárvatn ehf, Hótel Gullfoss, Hótel Mývatn, BYKO, BROS bolir, Kjörís, Garri heildverslun, Ásbjörn Ólafsson ehf, Hár-greiðslustofa Önnu og Sportbær Selfossi.

Stjórnin.

Unglingadeildin Vindur!

Unglingadeildin Vindur er nýstofnuð unglingadeild

Björgunarfélagsins Eyvindar. Á aðalfundi björgunarsveitarinnar Sigurgeirs, í vor, var ákveðið að hætta samstarfi við björgunarfélagið Eyvind um rekstur unglingadeilda í ljósi þess var ákveðið að leggja unglingadeildina Skúla niður. Í framhaldi af því var stofnuð ný unglingadeild hjá Eyvindi og heitir hún **Vindur**. Kynningarfundur var á starfi unglingadeildarinnar föstudagskvöldið 30. sept. og mættu margir efnilegir unglingar og skráðu sig í deildina. Allir unglingar úr Flúðaskóla sem komnir eru í 8. bekk og eldri eru velkomnir. Þeir sem ekki gátu mætt á kynningarfundinn en hafa áhuga á að starfa með unglingadeildinni hafa ennþá tíma til að skrá sig. Best er að hafa samband við Halldóru í síma 892-1276 eða senda tölvupóst á fossari@simnet.is til að skrá sig í deildina.

Nýliðahópur Eyvindar

Nýliðahópur Eyvindar er hópur sem var stofnaður síðastliðið vor. Í honum eru starfandi meðlimir frá 16 ára aldri var hann stofnaður til að taka við þeim unglingum sem komu upp úr unglingadeildinni og vildu halda áfram að undirbúa sig undir starf í björgunarsveit. Hópurinn er líka opinn öllum þeim sem ekki hafa verið í unglingadeild en hafa áhuga á að kynnast starfinu.

Kynningarfundur var sunnudagskvöldið 16. okt kl 20:00 í húsi félagsins að Smiðjustíg 8 á Flúðum.

Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar



VÖNDULL ehf FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Safnarar allra uppsveita sameinist!



Safnarasýning á Flúðum 5. nóvember – enn eru laus pláss
Upplit, menningarklasi uppsveita Árnessýslu, stendur fyrir
safnarasýningu í Félagsheimilinu á Flúðum laugardaginn

5. nóvember. Sýningin verður framlag Upplits til Safnahelgar á Suðurlandi, sem að
þessu sinni verður dagana 4.–6. nóvember.

Upplit biðlar nú til safnara í uppsveitunum að draga fram úr hirslum sínum gersemarnar
sem þeir hafa verið að safna og koma ekki endilega alltaf fyrir margra augu. Nú er
tækifærið til að dusta rykið af þessum einkasöfnum og hefja þau til vegs og virðingar
með því að sýna þau öðrum. Við erum að tala um þessi smáu jafnt sem stóru söfn sem
leynast víða á heimilum; frímerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, penna, límmiða,
glansmyndir, servíettur, eldspýtustokka, póstkort, skó eða hvaðeina sem sumir hafa
gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða.

Nú þegar hafa nokkrir öflugir safnarar tilkynnt þátttöku – og enn er pláss fyrir fleiri.
Meðal þeirra eru Sigríður Mikalsdóttir sem safnar fuglum af ýmsum stærðum og
gerðum, Guðrún Einarsdóttir sem sýnir uglur, hjónin Aðalheiður Helgadóttir og Skúli
Sæland koma með söfn sín af agnarsmáum bollastellum og víNFLöskum og Ann-Helen
Odberg sýnir sardínumiðasafn sitt frá Noregi.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með í sýningunni eru hvattir til hafa samband við
sýningarstjórana **Skúla Sæland (663 9010 / skulisael@gmail.com)** eða **Önnu Kristjönu
Ásmundsdóttur (896 6430 / anna@fludaskoli.is)** sem allra fyrst og tryggja sér borð.
Gert er ráð fyrir að sýningin standi frá kl. 13 -17 laugardaginn 5. nóvember og að
safnararnir verði á staðnum á meðan á henni stendur til að sýna söfnin sín og svara
spurningum gesta. Í félagsheimilinu verður stillt upp borðum til að raða söfnunum á, en
safnarar verða sjálfir að sjá fyrir kössum, skápum eða öðrum hirslum til að geyma
safngripina í ef borðin duga ekki. Hrunamannahreppur lánar félagsheimilið endurgjald-
slaust fyrir sýninguna – og er hreppsnefndinni þakkaður velviljinn.

Safnarar allra uppsveita sameinist – og sýnið sveitungunum dýrgripina
ykkar, þó ekki væri nema þennan eina dag! Einnig ætti þetta að vera
kærkomið tækifæri fyrir safnara að hitta aðra safnara og skiptast á
upplýsingum og skoðunum um söfnin.
Upplit.



Flúða Taxi



Sími 893 1462

Laufblöð og plastumbúðir!

Laufblöð eru vissulega lífræn og ættu að eiga erindi í moltuna en Íslenska gámafélagið óskar eindregið eftir því að laufblöð **séu ekki sett í brúnu tunnuna** því þau eru garðaúrgangur og jarðgerðarvélin getur ekki torgað svo miklu magni af garðaúragi. Laufblöð eru mjög fljót að brotna niður og það getur verið ágætt að dreifa þeim yfir t.d. blóma-, trjá-, eða matjurtabeð. Þegar þau síðan brotna niður verða þau að næringu sem fer í jarðveginn og því hagstætt fyrir plöntur sem þar vaxa.

Það hafa verið miklar breytingar varðandi flokkun og endurvinnslu á plasti undanfarið enda um mjög flókin flokk að ræða.

Nú er það þannig að **allar umbúðir úr plasti, hvort sem þær eru merktar eða ekki, einnig þær sem eru samsettar úr áli og plasti (kaffipokar, snakkpokar ofl.) mega fara í grænu tunnuna!** Hvort sem um mjúkt eða hart plast er að ræða en eftir sem áður er nauðsynlegt að skola burt allar matarleifar.

Form. Umhverfisnefndar

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Langar þig að koma og vinna með okkur ?



Leikskólinn Leikholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
auglýsir eftir starfsmanni á deild.

Óskað er eftir jákvæðum og öflugum einstaklingi sem hefur mikinn
áhuga og metnað til að starfa á leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 20. október og skal umsóknum skilað í:

Leikholt, Brautarholti, 801 Selfoss eða leiskoli@skeidgnup.is

Nánari upplýsingar veitir Vilborg M. Ástráðsdóttir leikskólastjóri,
sími: 486 5586 og 863 9689 og/eða á leiskoli@skeidgnup.is

HESTAKAUP - UPPBOÐ

Fyrirhugað er að vera með uppboð á unghrossum í Reiðhöllinni á
Flúðum laugardaginn 29 okt. nk.

Á uppboðinu verða folöld, unghross og trippi á tamningaaldri.
Meðal annars verða hross undan Arði frá Brautaholti, Þresti frá
Hvammi, Þey frá Akranesi, Sædyni frá Múla, Hrana frá Hruna,
Hróa frá Skeiðháholti o.fl.

Einnig verður boðið upp á léttar veitingar meðan birgðir endast ☺
Komið og gerið góð kaup í góðri stemmingu í Reiðhöllinni Flúðum
laugardaginn 29 okt kl: 20:30

**Nálgast má frekari upplýsingar um öll hross á uppboðinu á
vefsíðunni www.hestakaup.123.is**

Með kveðju.

Manni Langholtskoti og Grímur Auðsholti II.



Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Endurútgefið kort, með örnefnum, af afréttum
Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á
skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.–** Gott á fjöllin!



Fréttir frá Leikholti

Það hefur kólnað dálítið í veðri og börnin í leikskólanum eru nú klædd í sína lopasokka og vettlinga ásamt kuldagallanum. Það eru viðbrigði frá því í sumar þegar þau gátu hlaupið um berfætt og léttklædd í veðurblíðunni.

Starf leikskólans breytist eftir árstíðum. Frá vori og fram á haustið eru börnin mikið úti og njóta þess að braska og leika sér í náttúrunni. Skordýrin eru sívinsælt rannsóknarefni ásamt því að bragðað er á hinum ýmsu grastegundum og búnir til blómsveigar. Fjölmargt fleira er fyrir stafni – settar eru niður kartöflur ásamt fæinum tegundum af öðru grænmeti, farið er í gönguferðir og nánasta umhverfi leikskólans kannað og síðan hinn endalausi leikur um alla mögulega eða ómögulega hluti.

Landbúnaðarstörf eru ávallt fyrirferðamikil í leik barnanna. Þegar þau byrjuðu aftur eftir sumarfrí snérist sá leikur mikið um að keyra heim rúllur, svo er verið að laga girðingar, undirbúa fjallferð – rétta dálítið og nú fer eflaust sláturtíðin að hefjast – eða reynsla undanfarinna ára hefur kennt okkur það. Reynslan hefur líka kennt leikskólastjóranum það að það er alveg bráðnauðsynlegt að endurnýja traktorana um leið og einhver dettur út sökum elli því ef það vantar traktor þá er vesen á bæ!

Það hefur verið rætt við börnin um það í gegnum tíðina að þeim mat sem þau leyfa fá hænurnar hennar Valgerðar á Húsatóftum. Einn daginn spratt upp mikill áhugi hjá börnunum í Fiðrildahóp að kynna sér þetta mál frekar og var Valgerður spurð hvort þau mættu koma og skoða. Að sjálfsögðu var það auðfengið og einn þriðjudaginn var skundað af stað í þennan rannsóknar- leiðangur. Þetta þótti börnunum mjög

merkilegt og spurðu margra spurninga um það sem fyrir augu bar. All nokkrar vangaveltur voru um það hvernig hænurnar færu eiginlega að því að verpa þessum eggjum svo og hvernig þetta færi nú saman þegar þær þyrftu að kúka. Stundum voru hænurnar að rífast um kornið sem Valgerður gaf þeim og sumar voru dálítið óþægar flugu yfir girðinguna eða skriðu undir.

Einn haninn var svolítið montinn hann var eignlega bara monthani.



Valgerður gaf síðan börnunum egg í staðinn fyrir allan matinn sem hænurnar fá. Í september tóku börnin upp kartöflur, uppskeran var glimrandi góð og erum við ennþá að borða okkar eigin kartöflur. Framan af hausti hefur veðrið verið mjög gott og hafa börnin notið þess að vera úti, farið í göngutúra og nokkrum sinnum hefur hópa-starfið verið fært út t.d. hafa hljóðgjafar í náttúrunni verið kannaðir, stóra grjótið í gryfjunum hefur verið mikið notað til í tengslum við hreyfingu og umhverfið og menningartengdir atburðir hafa verið tengdir við læsi, samskipti og sköpun.

Núna undanfarið höfum við svo flutt náttúruna inn með því að safna jurtum og laufum í haustlitum og unnið úr þeim myndverk.

Dagarnir hafa sinn vanagang í smá-holti – þar eru allnokkrir húsasmiðir þessa dagana en til bygginganna nota þeir klósettrúllupakka og pappaspjöld – eitthvað nógu létt og meðfærilegt.

Þau börn sem byrjuðu í leikskólanum í ágúst eru nú óðum að taka þátt í

leikskólastarfinu af fullum krafti og hafa ómælda ánægju af. Suma daga er farið í salinn og hlaupið eins og vilji og kraftur er til – því fylgir venjulega mikið gleði-iskur, aðra daga er málað og oftar en ekki smakkað á málningunni í leiðinni, síðan er spilað á hljóðfæri og þá gerir enginn veður útaf því að einhver sé ekki í takt. Alla daga fyrir hádegi er farið út til að leika sér og þau börn sem sofa styðst fara oft einnig út eftir hádegi.

Að síðustu viljum við auglýsa ömmu og afa kaffi sem verður hér í leikskólanum 25. október kl. 14:30.

Þá hvetjum við afa og ömmur til að koma og fræðast um leikskólastarfið. Undanfarin ár hefur mæting verið mjög góð og vonumst við til að það verði eins í ár.

Góðar kveðjur til ykkar allra. Börn og starfsfólk leikskólans Leikholts.



21. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 04.10.2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason, og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en

1. Fundargerð skólanefndar nr. 11 leikskólamál haldinn 07.09.2011.
Fundargerð skólanefndar nr. 11 samþykkt.
2. Fundargerð skólanefndar nr.12 grunnskólamál haldinn 21.09.2011.
Fundargerð nr. 12. samþykkt. En varðandi lið 6 eru lögð fram drög að svari til trúnaðarmanns kennara.
3. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla haldinn 26.09.2011.
Fundargerð samþykkt.
4. Fundargerð velferðarnefndar Árnesþings 2. fundur haldinn 14.09.2011.
Fundargerð samþykkt og ennfremur samþykktar reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála og málaflokka hjá starfsmönnum Velferðarnefnd Árnesþings og reglur um umsókn um fjárhagsaðstoð.
5. Fundargerð Skipulags-og byggingarnefndar 39. fundur haldinn 22.09.2011. jafnframt lagðar fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingafulltrúa fundur nr. 70 haldinn 13.09.2011. Fundargerð Skipulags-og byggingarnefndar nr. 39 staðfest. Afgreiðslufundargerð nr. 70 lögð fram.
6. Erindi til sveitarstjórna frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga varðandi fjármál sveitarfélaga. Lagt fram.
7. Fundargerð fundar oddvita Laugaráslæknishéraðs haldinn 20.09.2011.
Lögð fram.
8. Fyrirspurn frá Oddi Guðna Bjarnasyni til oddvita varðandi girðingarmál á Hafinu.

Á árinu 2009 var afréttagirðing á Hafinu á Gnúpverjaafrétti rifin með vitund oddvita. Girðingin er þinglesin eign Landgræðslu ríkisins. Á öðrum fundi sveitastjórnar Skeiða og Gnúpverjahrepps 30. júní 2010 var lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins þar sem oddviti er beðinn um útskýringar á þessum gjörningi og hann krafinn um að girðingin verði girt áður en fé verði sett á afrétt. Sveitastjórn óskar eftir því að gert verði mat á árangri uppgæðslu í landgræðslugirðingunni. Bréf barst frá Landgræðslunni dagsett 12. júlí 2010 skrifað af Guðmundi Stefássyni sviðsstjóra Landgræðslunnar, fór hann lauslega yfir stöðu og framtíðarhorfur gróðursins á Hafinu vísa til þriðja fundar sveitastjórnar frá 30. júlí 2010. Boðar hann nánari úttekt á svæðinu síðar á árinu skýrslu sem er heildarúttekt um svæðið dagsettu 08. desember 2010 (þessi skýrsla hefur ekki borist sveitarstjórnarmönnum).

Nú eru nokkrar spurningar sem oddvita ber að svara og upplýsa í þessu máli.

- 1) Hvaða ástæðu hafði oddviti til að láta fjarlæga þessa girðingu?
- 2) Hvers vegna var ekki girt strax og mistökin uppgötvuðust?

- 3) Af hverju var ekki búið að girða nú í vor áður en fé var sett á afrétt tveimur árum seinna?
- 4) Hvers vegna var ekki girt á sama stað og umsamið var?
- 5) Hver greiðir þennan girðingarkostnað? (Hverjir)
- 6) Hver er kostnaðurinn?
- 7) Ef sveitarsjóður greiðir kostnaðinn er til fjárheimild í fjárhagsáætlun?
- 8) Vill oddviti bera ábyrgð á, að gæðastýring bænda sé ógnað með þessum hætti?
Nú er það ósk mín að þetta erindi verði tekið fyrir á næsta fundi sveitastjórnar og skrifleg svör verði færð til bókar.
Oddur Guðni Bjarnason.

Svar oddvita við fyrirspurn Odds Guðna Bjarnasonar.

Vegna fyrirspurnar frá Oddi Bjarnasyni varðandi landgræðslugirðingu á Hafinu er rétt að taka fram að þetta hefur margoft verið rætt í sveitarstjórn og Oddi ætti því að vera kunnugt um að girðingin var rifin vegna þess að verið var að endurskipuleggja girðingarmálin í kringum Sultartangastöðina og ganga þar frá málum eins og til stóð í upphafi, ekki var talin þörf á að viðhalda þeirri girðingu sem rifin var enda svæðið innan hennar orðið vel gróið og girðingin þurfti orðið talsvert viðhald. Eins og Oddur tekur fram í öðrum lið spurningarinnar var um mistök að ræða þar sem samningur var til við Landgræðsluna sem hvorki sveitarstjórn né starfsmönnum Landsvirkjunar var kunnugt um, í þeim samningi er sveitarfélaginu haldið í gislingu hvað þetta mál varðar að því leiti að sveitarfélagið verður að viðhalda girðingu á svæðinu þar til Landgræðslunni þóknast.

Nokkur dráttur varð að framkvæmdir hæfust í vor en það stafaði aðallega af því hve seint voraði. Það að girðingin sé ekki á þeim stað sem rætt var um er ekki rétt, undirritaður ásamt girðingarverktaka og fulltrúum Landgræðslunnar fóru og skoðuðu aðstæður og er ástæðulaust að vera með aðdróttanir í garð verktakans um annað og get ég staðfest að ég hef sama skilning á framkvæmdinni og hann.

Kostnaðurinn er áætlaður milli tvær og þrjár milljónir en endanleg tala liggur ekki fyrir þar sem ekki eru komnir reikningar frá verktaka, rétt hefur verið við Landsvirkjun um að þegar endanlegur kostnaður liggur fyrir verði rétt við þá um þátttöku í framkvæmdinni sem er eðlilegt þar sem um sameiginleg mistök var að ræða. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar frá 30.06.2010.

Hvað varðar spurningu Odds um hvort oddviti vilji bera ábyrgð á að gæðastýringu bænda sé ógnað með þessum hætti er því til að svara að ég hef aldrei fengið nein skilaboð frá Landgræðslunni um að það standi til enda veit ég ekki hvernig það mætti vera. Hins vegar hafa einstakir sauðfjárbændur haft samband við mig og sagt mér að ákveðinn starfsmaður Landgræðslunnar væri að hafa í hótunum við þá vegna þessa máls, það þykja mér skýtnar boðleiðir af hálfu opinbers fyrirtækis ef það er á þess vegum.

9. Erindi frá framkvæmdastjóra Fannborgar vegna vegslóða í Kisubotnum.
Sveitarstjórn vísar erindi Fannborgar til umsagnar Umhverfistofnunar.

Framhald á næstu síðu...

10. Erindi frá Iðnaðarráðuneyti með ósk um umsögn vegna þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða dags. 19. ágúst 2011. Gögn lögð fram á síðasta fundi.

**Eftirfarandi tillaga að umsögn samþykkt með fjórum atkvæðum.
Oddur Guðni Bjarnason á móti.**

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því í hvaða flokka virkjanakostir flokkast og pólitík hafi sem minnst áhrif þar á.

Nokkrir virkjanakostir sem eru á skipulagssvæði sveitarfélagsins í Hvítá og Þjórsá eru teknir fyrir í rammaáætlun og raðað í mismunandi flokka eftir því sem verkefnastjórnin telur viðeigandi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við þá röðun að öðru leiti en því að við teljum að Norðlingaölduveita í 566-567,5 m y.s. án setlóns hefði átt að fara í biðflokk en ekki í verndunarflokk eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Rökin fyrir því áliti er að ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar og þess vegna liggur ekki fyrir hver áhrif hennar yrðu á umhverfið og þá einkum Þjórsárverin. Veita í fyrr greindri hæð kæmi til með að standa utan veranna.

Röksemdarfærsla formanns nefndarinnar á kynningarfundum um rammaáætlun á Selfossi þann 21. september 2011 fyrir því að setja veituna í verndunarflokk voru að gert væri ráð fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í náttúruverndaráætlun en samkvæmt henni virðast mörkin til suðurs dregin talsvert útfyrir það sem fólk á þessu svæði hefur talið vera hin eiginlegu Þjórsárver.

Rétt er að vekja athygli á því að náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lögð fram eftir að 12 manna verkefnisstjórn rammaáætlunar var skipuð í september 2007. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvers vegna verið var að taka einn kost sem var til skoðunar í rammaáætlun og útiloka hann áður en vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar lauk? Eins má líka spyrja hvers vegna var þá ekki þessi kostur tekinn strax út úr vinnu verkefnastjórnar þegar náttúruverndaráætlun 2009-2013 lá fyrir ef hún útilokaði veituna?

Einnig er rétt að benda á að um nokkurt skeið hefur verið starfandi nefnd sem átti að vinna að hugmyndum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, áhugi á starfi þeirrar nefndar virðist hafa gufað upp eftir að í ljós kom að fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu töldu eðlilegast að friðlandsmörkinn réðust endanlega eftir að verkefnisstjórnin um rammaáætlun hefði lagt faglegt mat á fyrirhugaða Norðlingaölduveitu í 566-567,5 m y.s. án setlóns.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps er ekki að taka afstöðu til þess hvort ráðast eigi í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu í fyrr greindri hæð en telur eðlilegt að þessi kostur eins og aðrir séu flokkaðir óháð inngripum stjórnvalda eftir að vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar hófst og ítrekar það álit að veitan hefði átt að flokkast í biðflokk uns fram hefði farið umhverfismat á framkvæmdinni.

**Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir,
Jón Vilmundarson, Björgvin Skafti Bjarnason.**

Bókun frá Oddi Guðna Bjarnasyni

Athugasemdir við erindi Iðnaðarráðuneytis vegna þingsályktunar um Rammaáætlun. Ég fagna því að Norðlingaölduveita skuli vera sett í verndarflokk og að hin umdeilda náttúruvin skuli nú vera endanlega sett í þann flokk sem vernda ber, eftir 40 ára baráttu heimamanna og þeirra sem unna Þjórsárverunum.

Að sama skapi mótmæli ég því harðlega að virkjanirnar þrjár í neðri Þjórsá þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun skuli flokkast í orkunýtingarflokk. Á meðan ekki er hlustað á þá aðila sem gagnrýnt hafa ýmsa þætti þessara virkjana svo sem hvernig hægt er að tryggja lífríki árinna þannig að lax og sjóbirtingur hafi sama örugga gönguleið og nú. Þess má geta að á árinu 2010 veiddust um níu þúsund laxar í Þjórsá. Það hafa engar samfélagsrannsóknir farið fram á svæðinu. Það hlýtur að vera krafa íbúa sveitarfélagsins að fram fari rannsókn á áhrifum þess að virkjað verði í svo mikilli nálægð við íbúana, og margt mætti fleira upp að telja. Því er það krafa mín að virkjanirnar þrjár í neðri í hluta Þjórsár verði settar í biðflokk.

11. Starfsmannamál.

Samþykkt að auglýsa eftir starfsmanni í áhaldahús sveitarfélagsins til eins árs og frekari starfslýsing lögð fram á næsta sveitarstjórnarfund. Erindi vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

12. Þrjú erindi varðandi opnunartíma Neslaugar.

Lögð fram.

13. Tjaldsvæði við Árnes. Framhald umræðna frá síðasta fundi.

Samþykkt með fjórum atkvæðum að leigja tjaldsvæðið til Jóhanns ehf til tveggja ára. Oddur Guðni Bjarnason situr hjá.

14. Tillaga að reglum á þátttökukostnaði sveitarfélagsins á kaupum námsmanna á strætókortum.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja reglurnar um eitt ár, skólaárið 2011-2012.

Mál til kynningar

A. Fundargerð stjórnar APS 302. fundur haldinn 07.09.2011.

B. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 206. fundur haldinn 19.09.2011.

C. Fundargerð stjórnar Heilbrigðisnefndar Suðurlands 135. fundur haldinn 09.09.2011.

D. Fundargerð stjórnar SASS 446. fundur haldinn 09.09.2011.


E. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 133. fundur haldinn 15.09.2011.

F. Erindi frá Umhverfísráðuneyti varðandi landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

G. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:55.

Bak við eldavélina.



Núna gerði hann Jón frændi mér mikinn óleik, þar sem ég tel að flest annað eigi betur við mig heldur en að elda. En þar sem maður þarf stundum að bjarga sér frá því að vera hungurmorða og gefa krökkunum að borða þá er ég með pulsurétt.

Það er einn pulsupakki, tvöfaldur, SS pulsir.

Lykilatriði: brytja niður.

Beikon: líka brytja niður, þessu skellt á pönnu. Þarf vera stór panna.

Síðan smella 6-10 eggjum á pönnuna og svo setja

Heinz bakaðar baunir, svona tvær dósir.

Látið malla smá tíma, ekki svara símanum á

meðan þá missir maður einbeitinguna á

eldamennskunni.

Ef ég hef klukkutíma í mat þá er tími til að setja

allt saman í eldfast mót og setja ost yfir skella

þessu í ofn, þar til osturinn er farin að brúnast.

Fínt að hafa franskar með ef maður nennir.



Eftirréttur.

1 líter súrmjólk smellt í hrærivélina, nóg af sykri,

hræra vel og lengi, síðan 3 egg út í og annað

hvort vanilludropar eða sítrónudropar eftir smekk,

og hræra vel. Síðan brytja epli, appelsínu, banana,

vínber og kivi eða eftir smekk hvers og eins og


skella ávöxtunum út í.



Ég skora á félagi minn Arnar Bjarna Eiríksson í Gunnbjarnarholti að koma með næstu uppskrift.

Bestu kveður.

Ólafur F. Leifsson



VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 - Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



Kvennareið 2011

Kvennareið 2011 gekk vonum framár í júní, yfir 20 glaðar og kátar konur mættu á gæðingum sínum í Gunnbjarnarholt.

Í sól og blíðu var farið fram með Þjórsá að Murneyrum og svo fengið nesti í fljótandi formi í Reykjaréttum.

Gauti frá Matstofunni í Árnesi sá um grillmatinn á þessu ári og var ekki hægt að sjá annað en að allar fengu nóg af góðum mat hjá honum. Sjaldan hefur veðrið verðlaunað okkur konur eins mikið og á þessu ári!

Nýju nefndinni er því ráðlagt að semja strax við veðurguðinn fyrir næsta ár og skipaðar voru

Kirsten Jennerich á Leiti og Kristín Bjarnadóttir í Laxárdal í nýju nefndina!

Takk fyrir samveruna. Begga og Meike.



Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300


Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Dekk til sölu!

2x Procomp AllTerrain M+S 33x12.5 R17LT, approx.
5mm tread: ISK 10.000,-
4x Mastercraft AT2 121/118R D 17R285/70 ,
með nöglum studs, approx. 9mm tread: ISK 80.000,-
eða öll dekk saman á ISK 85.000,-



Ralf Duerholt, Glóruhlíð, s. 860 3310 eða Meike 663 8011



Matarsmiðjan á Flúðum býður upp á kynningarfund

í Árnesi fimmtudaginn 20. okt.
kl. 16:30 í fundarherberginu.

Vilberg Tryggvason fer yfir
tilgang Matarsmiðjunnar og
hvaða möguleika fólk hefur í
framleiðslu á eigin vörum.

Endilega notið þetta tækifæri til
að fræðast.

Allir velkomnir. Matarsmiðjan.

Vörtubrauðið frá Norge!

1/2 kg rúgmjöl
1/4 kg hveiti
2 1/2 dl malt (Egils)
2 1/2 tesk. lyftiduft
125 gr sýróp (má vera minna)
2 matsk. strá– eða hrásykur
250 gr. rúsínur



Aðferðin er í Dagskránni frá 6.okt.
Set þetta með núna af því að þar
vantaði lyftiduftið og þeir sem baka
vita hvaða afleiðingar það hefur. (-:>
Mbkv.
khg.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Hægt að skila allan sólarhringinn!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5500

Nefndin!



Matarsmiðjan á Flúðum hyggst bjóða upp á eftirfarandi námskeið í nóvember, ef næg þátttaka næst:



5. nóvember frá klukkan 13 til 15.

Námskeið í brjóstsykursgerð í samstarfi við Svandísi Guðmundsdóttur leiðbeinanda. Mögulegt er að skrá sig á þetta námskeið fram að 28. október.

18. nóvember frá 10-17.

Námskeið í ostagerð í samstarfi við Landbúnaðar háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Þórarinn Egill Sveinsson, mjólkurverkfræðingur.

Mögulegt er að skrá sig á námskeiðið fram að 10. Nóvember.

Bæði námskeiðin fara fram í Matarsmiðjunni á Flúðum

Einstaklingar á lögbylum eiga möguleika á að sækja um styrk hjá Starfsmenntasjóði bænda (www.bondi.is)

Skráning og nánari upplýsingar fást í Matarsmiðjunni á Flúðum í síma 858-5133

eða í tölvupósti á tölvupóstfanginu vilberg@matís.is

Fyrir hönd Matarsmiðjunnar

Vilberg Tryggvason

Dósir - dósir - dósir -

9. bekkur Flúðaskóla stendur fyrir fjáröflun fyrir Danmerkurferð næsta haust. Krakkarnir á Skeiðunum ætla að fara á milli bæja næstu daga og safna dósum. Endilega notið tækifærið og losið ykkur við dósir og flöskur úr geymslunni og takið vel á móti krökkunum :) Ef einhverjar spurningar vakna, hafið þá endilega samband við

Leif í Brautarholti í síma **897-0969**.



Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



Húsasmíðar
Innréttingar
Vélaleiga
Gröfur o.fl.



Kertasmiðjan í Brautarholti



Nánari upplýsingar veita
Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 3999

www.kertasmidjan.is - mail: kertasmidjan@web.is - S. 486 5518



Fólk og fê í Skaftholtsréttum

Tv. Beðið eftir að komast í
heimadilkinn í Reykjaréttum.
Neðsta mynd: Úr Reykjaréttum.



**Flóa- og Skeiðamenn koma með fallett fê sitt í
áningarstað í fjallsafni 2011.**



Liszt í 200 ár

*Tónleikaröð Harlákórs Hreppmanna í tilefni
200 ára árstíðar Franz Liszt*



Laugardaginn 22. október.

Afmælistónleikar á Flúðum kl. 15:00

Mánudaginn 24. október.

Ráðhúsið í Þorlákshöfn, kl. 20:00

Þriðjudaginn 25. október.

Salurinn í Kópavogi kl. 20:00

Miðvikudaginn 2. nóvember.

Selfoskirkja kl. 20:00

Kynning á ungverska tónskáldinu og
píanósnillingnum Franz Liszt í máli og
myndum.

Ágúst Ólafsson barítón
(í Salnum Kópavogi og Selfoskirkju).

Miklós Dalmay píanóleikari.

Unglingakór Selfoskirkju.

Kynnir á tónleikum er Arndís Björk
Ásgeirsdóttir dagskrárgerðarmaður á RÚV.

Stjórnandi er Edit Molnár.



Tónleikarnir eru styrktir af Menningarráði Suðurlands.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningarvörur-flugger innimálning-spartl-spaðar og einnota gallar
Kítti-frauð-kíttispressur-trélím og gluggapéttilistar

Ragmagnsvír-hitadragarar-víratengi-klær og innstungur

Fyrir bílinn-bíltjakkar-loftverkfærasett-hreinsiefni-olíur-purrkur og perur

Bogasagir-lóðbyssa-strekkiborðar-hamrar- áltröppur-borar og slípi-skífur

Fyrir gæludýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður

Hestavörur- sag-múlar-gjarðir-beisli-pískar-skeifur-botnar-lýsi

Eldhús-og bað-vaskar- kranar-sturtuhaus með ljósi

Múr-Maskinu- og Borðaboltar-snittteinar-skinnur og rær

Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbusti-reykskynjari-skarttengi-fjöltengi-balar-snúrur og gæða hnífasett

Bréfabindi-pappír-umslög-bréfabakkar- reikni-og stílabækur

Heftibyssur-hefti-límbyssa-skæri-lím og spreylakk

Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll-affallsog tengibarkar

Flísar-parket-dúkar-teppi-fúga-flísasagir-og fúguset

Sement-múrblöndur og flísalím

Lopi-band-rennilásar 65 og 70cm-tvinni-nálar-prjónar-heklunálar-heklugarn-prjónablöð og ýmis hjálpartæki fyrir prjónakonuna

Fyrir veturinn-stormjárn-leka og vatnsvörn-ljósaperur- hitamælar-hitablásarar-stígvél og regnföt-kuldagallar

Girðingarefni-staurar-starranet-hænsnanet-vírklippur-vírlykkjur

Fyrir öryggið-öryggisgleraugu-heyrnahlífar-rykgrímur-örygisvesti

Vinnuvettlingar-ýmsar gerðir-vinnubuxur

Í afmælisþakkann-skapalón-vinabönd-tússlitir og púsluspil

Gjafavörur- englar-kertastjakar-luktir- ofl.

Gos og sælgæti

Ný blöð: LOPI OG ÝR

Opnunartími: Virka daga 9-18 - Laugardaga 11-14

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Sprauta / skammta



Kr. 17.560

Inngjafabyssa m/ slöngu



Kr. 18.951

Einnota sprautur og nálar



Kr. 222

Gripamerkilltir



Klaufaklippur



Kr. 3.609

Merkisprey gripa



Kr. 724

Vogir



Kr. 6.950

Boltabyssa (Sláturbyssa)



Kr. 29.300

Allt í sláturtíðina



Hnífar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilspokar, balar, fötur m/loki, úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa, vacuumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

Steinefnapörf sauðfjár

Nú um miðjan september fengum við sauðfjárbónda til að kanna steinefnapörf hjá sauðfé sínu sem þá var nýkomið af fjalli. Hann setti allar tegundir steinefna sem við bjóðum uppá fyrir sauðfé í hólf þar sem voru 100 kindur og hafði þessi steinefni/saltsteina hjá þeim í 4 daga og átu þær eftirfarandi:

Uniblock - steinefnablokk

(m/háu selen innih.) 5.750 gr.

Universalschale - steinefnafata

(hátt selen og joð innih.) 3.742 gr.

Saltsteinn Natur

(hreint salt) 3.520 gr

Saltsteinn Plus

(steinefna og selen bættur) 1.920 gr

Af þessu má ætla að þörf sauðfjárens sé "ærin" nú í lok sumars



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Sameiginleg söngæfing í Árnesi

föstudaginn 11. nóvember kl. 20:30.

**Kirkjukórar Hrepphóla, Hruna, Miðdals,
Ólafsvalla, Stóra-Núps, og Skálholts.
Uppsveitasystur og Vörðukór .**

Hver kór æfir tvö til þrjú lög.

**Allir velkomnir að koma og hlusta
Knútur Jóhannesson ætlar að leyfa okkur að sjá
sýnishorn af vasahnífa og pennasafni sínu
en Knútur á nú 34.742 kúlupenna.
Einnig hægt að skoða “steinasafn” og
“lítið mökkabollasafn. ”**

**1000,- til styrktar starfinu óskast fyrir
hvern sem kemur.
Barinn opin!**



**Kirkjukórar
Ólafsvalla og Stóra-Núps**